

Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sveitarfélögin bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á leikskólum og grunnskólum auk þeirra tónlistarskóla sem þau velja að reka sjálf. Þau marka sér sjálf áherslur og stefnu um skólamál innan ramma laga og reglugerða.

1. Hlutverk

Eitt af hlutverkum Sambands íslenskra sveitarfélaga, hér eftir nefnt sambandið, er að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Sambandið er bakhjarl sveitarfélaga vegna starfrækslu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og annarra skólastofnana á rekstrarsviði sveitarfélaga, bæði í faglegu og rekstrarlegu tilliti. Þetta gerir sambandið meðal annars með því að:

- gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart löggjafarvaldi, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum eftir því sem efni standa til;
- vera tengiliður milli sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og annarra ráðuneyta þegar tilefni er til;
- miðla reynslu og upplýsingum milli sveitarfélaga, m.a. um árangursríkt nýbreytnistarf;
- afla og miðla upplýsingum um hvernig sveitarfélög gegna hlutverki sínu á sviði skóla- og menntamála;
- veita leiðsögn og ráðgjöf til sveitarfélaga, eftir atvikum;
- fylgjast með þróun skóla- og menntamála innan lands og utan;
- stuðla að samstarfi og sameiginlegri umræðu um ýmsa þætti skóla- og menntamála á vegum sveitarfélaga og þróun þeirra, ásamt öðrum aðilum sem málið varðar;
- vinna að sameiginlegri framtíðarsýn sveitarfélaga um skóla- og menntamál, eða ákveðnum þáttum hennar, með hagsmunaaðilum.

2. Leiðarljós

Leiðarljós sambandsins í aðkomu sinni að skólamálum sveitarfélaga er velferð barna og unglinga og það mikilvæga hlutverk alls skólastarfs að stuðla að alhliða þroska þeirra og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Menntun, mannvirðing og mannúð eru lykilhugtök í skóla fyrir alla þar sem fjölþætt skólastarf tekur mið af áhuga, getu og þörfum hvers nemanda. Lögð skal rækt við

samvinnu á milli heimila og skóla og að skólar hagnýti sér samstarf við nærsamfélagið.

Áherslur sambandsins miða því fyrst og fremst að því að aðstoða sveitarfélög við að efla starf skólanna, þannig að þeir veiti nemendum góða þjónustu með fjölbreyttu skólastarfi.

Sambandið leggur áherslu á sjálfstæði sveitarfélaganna í þessum efnum sem og samvinnu þeirra í millum þegar slíkt á við.

3. Almenn stefnumið

Sambandið leggur áherslu á að:

- lög um skólamál séu almenn rammalög sem virði sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga;
- aðalnámskrár dragi fram megináherslur skólastarfsins og gefi svigrúm til fjölbreytni og sveigjanleika hvers sveitarfélags til að útfæra skólastarfið;
- tryggja þarf skilvirkt samstarf ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga vegna barna á leik- og grunnskólaaldri sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður. Mikilvægt er að greina og leysa úr kerfislægum vanda í þessu skyni;
- tilraun verði gerð með rekstur framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga, eins eða fleiri;
- ákvarða þarf með skýrum hætti rekstrar-, kostnaðar- og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á tónlistarskólum og sjálfstætt reknum skólum;
- kjarasamningar styðji við framþróun og nýbreytni í skólastarfi;
- skólar eigi vól á faglegum stuðningi og ráðgjöf á vegum sveitarfélaga.

4. Eftirlit og gagnaöflun

Sambandið leggur áherslu á að eftirlit menntamálaráðuneytisins með starfi skóla sé virkt og styðjandi og liður í eðlilegri framþróun skólanna. Jafnframt hvetur sambandið sveitarfélög til að sinna markvissu eftirliti með eigin skólastarfi.

Öflun gagna, sem m.a. fer fram á vegum ráðuneyta, Hagstofu Íslands, Námsmatsstofnunar o.fl., sé unnin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Þannig samþykkt af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
22. febrúar 2008.*